

Miðvikudaginn 26. marz 1952.

Kærumálið nr. 23/1951.

Magnús Jósefsson

gegn

Finni Þorsteinssyni.

Hrundið kröfu um vísun máls frá landamerkjadómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dags. 27. ágúst 1951, er Hæstarétti barst 7. sept. s. á., hefur sóknaraðili kært úrskurð landamerkjadóms Dala-sýslu í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja, er upp var kveðinn 23. ágúst 1951 af formanni landamerkjadómsins, Þorsteini sýslumanni Þorsteinssyni, og samdómsmönnum Jóhannesi Benediktssyni og Geir Sigurðssyni, en með úrskurði þessum var hrundið kröfu sóknaraðilja um frávísun málsins frá landamerkjadóminum.

Með úrskurði Hæstaréttar 28. september 1951 var aðiljum veittur kostur á því að afla frekari gagna, áður dómur gengi í kærumáli þessu, og hafa þeir orðið við því og sent Hæstarétti gögnin.

Sóknaraðili krefst þess *aðallega*, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til uppkvaðningar úrskurðar af nýju, *til vara*, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað frá merkjadómi, og *til þrautavara*, að tilgreindum dómkröfum aðilja verði vísað frá merkjadómi. Loks krefst hann þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði svo og kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Aðalkröfu sína um ómerkingu hins áfrýjaða úrskurðar reisir sóknaraðili á því, að landamerkjadómurinn hafi látið málskostnaðarkröfur aðilja ódæmdar. Á þessa kröfu verður ekki fallizt, með því að málskostnaðarkröfur aðilja í héraði verða dæmdar, er til efnisdóms kemur.

Að því er varðar varakröfu sóknaraðilja, þá þykir mega

fallast á það samkvæmt gögnum málsins, að landamerkjadómur fari með málið, enda mundi meðferð þess vera sú sama, hvort heldur farið væri eftir II. eða III. kafla laga nr. 41/1919.

Um *þrautavarakröfu* sóknaraðilja athugast, að sú krafa kom ekki sérstaklega fram í héraði og var ekki dæmd þar. Verður henni því ekki sinnt hér.

Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur. Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, sem með tilliti til ferðakostnaðar og kostnaðar af gerð uppdráttar af þrætulandinu ákveðst kr. 2500.00.

Átelja ber umboðsmann sóknaraðilja, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmann, fyrir að fara með ástæðulausa kærufyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Magnús Jósefsson, greiði varnaraðilja, Finni Þorsteinssyni, kærumálskostnað, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður landamerkjadóms Dalasýslu 23. ágúst 1951.

Mál þetta var tekið fyrir í aukarétti Dalasýslu 30. maí 1950, og gerði þá Magnús Jósefsson, ábúandi og eigandi Fremri-Hrafnabjarga, þá kröfu, að svo nefndur Hrossabakki yrði með merkjadómi viðurkenndur óskipt sameignarbeitiland jarðanna Fremri- og Ytri-Hrafnabjarga. Finnur Þorsteinsson, eigandi og ábúandi Ytri-Hrafnabjarga, krafðist þess, að Hrossabakki eða sá hluti hans, sem liggur innan engjarmarkagirðingar, er stefnir í Skógarmannsgil að Hörðudalsá, verði viðurkenndur sem óskoruð, fullkomin eign Ytri-Hrafnabjarga og að hrundið verði kröfu Magnúsar Jósefssonar þess efnis, að áðurnefndur Hrossabakki leggist að nokkru leyti undir Fremri-Hrafnabjörg.

22. þ. m. tók merkjadómur mál þetta fyrir. Voru þá fram lögð skjöl málsins og gengið á merki. En áður en vitni yrðu leidd, hugðist dómurinn að taka til úrskurðar fram komna kröfu á rskj. 1 frá umboðsmanni ábúanda og eiganda Fremri-Hrafnabjarga þess efnis, að málinu yrði vísað frá merkjadómi. Téður umboðsmaður kvað gagnasöfnun um frávisunarkröfuna ekki lokið, fyrr en leidd hefðu verið vitni, er þá höfðu gengið á merki, og hafði gagnaðili ekkert við þetta að athuga. Félst því merkjadómurinn á að fresta úrskurðinum, unz vitnaleiðslu væri lokið þá í réttinum.

Umboðsmaður ábúanda og eiganda Fremri-Hrafnabjarga gerir þá kröfu, að máli þessu verði vísað frá merkjadómi, vegna þess að kröfur aðilja við

þingfestingu málsins séu ekki þess efnis, að merkjadómur sé bær að dæma um þær. Merkjadómur á að dæma í þrætu um merki lands, en áður nefndur umboðsmaður heldur því fram, að kröfur aðilja í máli þessu gefi ekki tilefni til að álíta, að í máli þessu sé um slíka þrætu að ræða.

Umboðsmaður ábúanda og eiganda Ytri-Hrafnabjarga hefur mótmælt frávisunarkröfunni og telur, að hér sé um landamerksamál að ræða, þar sem deila sé um merki milli Ytri- og Fremri-Hrafnabjarga.

Það virðist ljóst, að deiluefnið í máli þessu sé, hvort engjamerkjagirðing ofan frá Veitusíki í stefnu á Skógarmannsgil að Hörðudalsá, sem getur í kröfu ábúanda og eiganda Ytri-Hrafnabjarga, sbr. rskj. 2 og 3, skuli talin gild landamerki á milli jarðanna Ytri- og Fremri-Hrafnabjarga eða norðan hennar sé landspilda, er sé sameiginlegt beutiland jarðanna. Ef efnisniðurstaða málsins yrði sú samkvæmt kröfu ábúanda og eiganda Fremri-Hrafnabjarga, að áður nefnd girðing skuli eigi ráða merkjum milli jarðanna, heldur skuli hluti lands þess, sem er norðan (utan) girðingarinnar, svo nefndur Hrossabakki, teljast sameignarbeutiland jarðanna, þá verður, eftir því sem fram hefur komið í málinu, samanber vitnaframburði og skýrslur aðilja, enn uppi mikill ágreiningur um merki þessarar landspildu.

Samkvæmt ofanrituðu virðist ljóst, að um sé að ræða landamerkjaþrætu, sem koma skuli til kasta merkjadóms, og því ber að hrinda kröfu umboðsmanns ábúanda og eiganda Fremri-Hrafnabjarga.

Því úrskurðast:

Frávisunarkrafa umboðsmanns ábúanda og eiganda Fremri-Hrafnabjarga verður ekki tekin til greina.

Miðvikudaginn 26. marz 1952.

Nr. 91/1951. **Helgi Guðmundsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Ragnari Jakobssyni og gagnsök
(Magnús Thorlacius).

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1951, krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.